

Ár 2014, mánudaginn 30. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör rekstrarstjóra rannsóknarnefndar samgönguslysa

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Rekstrarstjóri rannsóknarnefndar samgönguslysa er forstöðumaður samkvæmt 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sömu laga. Heyrir því undir kjararáð að ákveða rekstrarstjóranum laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 7. maí 2013 frá innanríkisráðuneytinu. Með bréfinu var kjararáði tilkynnt um skipan rekstrarstjóra rannsóknarnefndar samgönguslysa samkvæmt 6. gr. laga um rannsókn samgönguslysa nr. 18/2013. Samkvæmt lögnum sé hlutverk rekstrarstjórans að bera ábyrgð á og stjórna daglegum rekstri nefndarinnar, þar með talið fjárreiðum hennar. Hann skuli gæta þess að starfsemi nefndarinnar sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma. Þá ráði rekstrarstjóri annað starfsfólk til nefndarinnar. Að endingu kemur fram í bréfinu að skipaður rekstrarstjóri muni gegna embættinu samhliða starfi sínu sem rannsóknarstjóri flugslysa. Óskar ráðuneytið eftir úrskurði kjararáðs um launakjör rekstrarstjórans.

Með bréfi dagsettu 10. júlí 2013 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti kost á að leggja fram greinargerð vegna fyrirhugaðrar ákvörðunar, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var rekstrarstjóranum gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Rekstrarstjóri rannsóknarnefndar samgönguslysa sendi kjararáði bréf dagsett 12. ágúst 2013. Í bréfinu gerir hann grein fyrir fyrra starfi sínu sem forstöðumaður og rannsóknarstjóri rannsóknarnefndar flugslysa.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 12. ágúst 2013. Í bréfinu er bent á að ekki liggi fyrir hvort viðkomandi falli undir 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og einnig að í lögum nr. 18/2013 komi ekki skýrt fram hvort viðkomandi starf teljist embætti sem falla skuli undir ákvörðunarvald kjararáðs. Því geti ráðuneytið ekki að svo stöddu tekið afstöðu til ákvörðunar launa rekstrarstjóra rannsóknarnefndar samgönguslysa.

Á nýjum lista yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 frá 22. janúar 2014 er rekstrarstjóri rannsóknarnefndar samgönguslysa talinn forstöðumaður samkvæmt 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Með bréfum dagsettum 18. febrúar 2014 var fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir í tilefni af fyrirhugaðri ákvörðun kjararáðs um launakjör rekstrarstjórans, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytis dagsettu 25. mars 2014 segir að þar sem nú liggi fyrir að viðkomandi falli undir 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 telji ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þess hvernig sambærilegum óskum hafi verið svarað.

Í svari innanríkisráðuneytis dagsettu 17. mars 2014 segir að rekstrarstjóri beri ábyrgð á fjárreiðum stofnunarinnar í heild og fari með allar ákvarðanir er lúti að starfsmannamálum. Hann beri ábyrgð á að stofnunin vinni faglega í öllum flokkum slysarannsóknna ásamt því að vera rannsóknarstjóri í flugslysamálum. Ábyrgð hans sé því víðtækari en áður var.

Með bréfi dagsettu 27. mars 2014 fékk rekstrarstjórinn send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis og innanríkisráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi rekstrarstjórans dagsettu 22. apríl 2014 segir að með gildistöku laga nr. 18/2013 hafi rannsóknarnefnd flugslysa, rannsóknarnefnd sjóslysa og rannsóknarnefnd umferðarslysa verið sameinaðar í eina nefnd, rannsóknarnefnd samgönguslysa. Fyrir gildistöku laganna fór forstöðumaður fyrir hverri nefnd ásamt því að vera rannsóknarstjóri hvarrar stofnunar fyrir sig. Við sameiningu nefndanna í eina stofnun hefði verið skipaður einn forstöðumaður.

III.

Lög um rannsókn samgönguslysa nr. 18/2013 tóku gildi 1. júní 2013. Með lögunum voru rannsóknarnefnd sjóslysa, rannsóknarnefnd umferðarslysa og rannsóknarnefnd flugslysa sameinaðar í eina nefnd, rannsóknarnefnd samgönguslysa. Samkvæmt lögunum skulu rannsóknir samgönguslysa og samgönguátvika vera í höndum rannsóknarnefndar samgönguslysa sem annast rannsókn á einstökum slysa- og atvikaflokkum eftir því sem nánar greinir í lögunum. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem varð að lögunum segir að með frumvarpinu sé leitast við að innleiða alþjóðlegar kröfur og tilmæli er varða rannsóknir samgönguslysa.

Samkvæmt lögunum skipar ráðherra sjö menn í rannsóknarnefnd samgönguslysa til fimm ára í senn auk varamanna. Ráðherra skipar einnig formann nefndarinnar. Að minnsta kosti þrír nefndarmenn taka þátt í meðferð hvers máls sem til rannsóknar er. Þá skipar ráðherra þrjú rannsóknarstjóra fyrir nefndina sem hver um sig hefur yfirumsjón með tilteknum flokki slysarannsóknna. Ráðherra velur einn þeirra til að gegna starfi rekstrarstjóra nefndarinnar og ber viðkomandi ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri hennar, þar með talið fjárreiðum, og gætir þess að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Rekstrarstjóri ræður annað starfsfólk til nefndarinnar. Rekstrarstjóri ber þannig ábyrgð á að stofnunin vinni faglega í öllum flokkum slysarannsóknna, ásamt því að vera rannsóknarstjóri tiltekins sviðs samgönguslysa og þarf að hafa sérmenntun og starfsreynslu sem nýtist við rannsóknir slíkra slysa..

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Eins og fram hefur komið er rannsóknarnefnd samgönguslysa ný stofnun sem varð til í kjölfar sameiningar rannsóknarnefndar sjóslysa, rannsóknarnefndar umferðarslysa og rannsóknarnefndar flugslysa í eina nefnd. Ráðherra skipar rannsóknarstjóra fyrir hvert svið

samgönguslysa, þ.e. umferðarslysa, flugslysa og sjóslysa. Ráðherra velur einn þeirra til að gegna starfi rekstrarstjóra nefndarinnar. Rekstrarstjóri rannsóknarnefndar samgönguslysa er á lista yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996. Rannsóknarstjóri er ekki á áðurnefndum lista. Við ákvörðun launa rekstrarstjóra hinnar nýju rannsóknarnefndar samgönguslysa hefur kjararáð tekið mið af launakjörum þeirra forstöðumanna sem stýrðu rannsóknarnefndunum sem nú hafa verið lagðar niður sem sjálfstæðar nefndir, en tekið mið af auknu umfangi, verksviði og ábyrgð rekstrarstjórans.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun rekstrarstjóra rannsóknarnefndar samgönguslysa skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júní 2013 skulu mánaðarlaun rekstrarstjóra rannsóknarnefndar samgönguslysa vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 133, nú 715.235 krónur. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör rekstrarstjóra rannsóknarnefndar samgönguslysa gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson